

Langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 24.júní 2025

Staðsetning: Google meet

Tímasetning: 16:10

Fundarmenn: Soffía, Sonja, Gísli Vilberg, Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Fjölskylduhlaup TM og FRÍ á Akureyri í 7. sept. Undirbúningur í farvegi og bæði UFA og TM klár í verkefnið.
2. Meistaramót í 10.000m á braut. Hlaupið verður 14.ágúst á ÍR vellinum. Áfram verið að kanna með tjald og uppsetningu. Getum komist af með smærra tjald en upphaflega var áætlað. Skrifstofa kannar áfram málið.
3. Meistaramót í maraþoni. Rætt um að setja upp auglýsingu á hlaupinu þ.e að MÍ í maraþoni verði í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Skrifstofa setur upp auglýsingu og texta, vinsamlega senda texta á langhlaupanefnd fyrir birtingu þar sem við viljum benda hlaupurum sem hafa keypt "almennann" miða að hægt sé að skipta yfir í "keppnismiða" til að fá vottaðan tíma í hlaupinu.
4. Framkvæmd Miðnæturhlaupsins, umræða meðal fundarmanna. Eins og flestir vita þá býður ÍBR upp á almennann miða og keppnismiða í Miðnæturhlaupið og RM. Ræsingar eru í tvennu lagi og númer aðgreind með mismunandi lit. Brögð voru á því í Miðnæturhlaupinu að hlauparar með mismunandi miða voru að ræsa saman þ.e. ætluðu að hlaupa saman. Þetta þarf að passa mun betur því þessar ræsingar verða að vera algjörlega aðgreindar og hlauparar geta ekki «hlaupið með vini/maka sínum» nema þeir hafi keypt samskonar miða. Ábendingu verður komið til ÍBR.
5. Ábending vegna MÍ í 10KM og ½ maraþoni þ.e. dagsetningar. Of lítill tími á milli þessara hlaupa þar sem einhverjir hlauparar vilja keppa í báðum vegalengdum. Ákveðið að taka tillit til þessa í viðburðum 2026.
6. Ábending vegna vals á landsliði í utanvegahlaupum. Hvort að hægt sé að «geyma» eitt sæti í liðinu þar til nær dregur keppni þar sem valið fer oft fram mörgum mánuðum áður en keppnin er haldin. Langhlaupanefnd vinnur eftir valreglum í landslið sem nálgast má á heimasíðu FRÍ, þar er getið til um að landslið sé valið í Febrúar ár hvert. Allur gangur er á því hvernær HM eða EM utanvegahlaup eru haldin, sum í Júní, önnur í lok Sept eins og í ár. Ábendingin á fyllilega rétt á sér og nefndin telur þannig séð ekki þurfa breytingu á valreglum til að útfæra þetta. Vissulega eitthvað sem má skoða fyrir 2026. Í fámhaldi sköpuðust töluverðar umræður um landslið í utanvegahlaupum þ.e. val á hlaupurum sem og stöðu FRÍ innan utanvegahlaupa og tekjur FRÍ af utanvegahlaupum sem eru engar og hafa ekki verið neinar.
7. Búningamál í keppni. Rætt um félagsbúninga í keppni í götuhlaupum þ.e. MÍ mótum. Ekki gerð krafa um félagsbúninga og sú reglugerðarbreyting er komin í gegn. Félagsaðild er hins vegar nauðsynleg og langhlaupanefnd hvetur frjálsþróttafélög til að auðvelda aðgengi almennra

hlaupara að aðild. Þetta er hægt að útfæra með auðveldum hætti á heimasíðu frjálsípróttafélaga eða jafnvel með miðlægum hætti hjá FRÍ.

Fleira ekki tekið fyrir.